

Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

JANÚAR 2021

1. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Baldur Þórhallsson
og **Felix Bergsson**



Fjölskyldubýggð við Starhaga

Við austanverðan Starhaga hefur myndast fjölskyldubýggð. Þar er um að ræða nokkuð óhefðbundna fjölskyldu en engu að síður mjög samhenta.

Baldur Þórhallsson prófessor og Felix Bergsson útvarpsmaður og leikari búa í gömlu húsi

við Starhaga 3. Túnsbergi sem er föðurleifð Felixar og þeir Baldur festu kaup á þegar foreldra hans vildu minnka við sig. Í nýju húsi við hliðina býr Álfrún Perla dóttir Baldurs ásamt eiginmanni sínum og barni. Við Starhaga 1 býr Árelía Eydís Guðmundsdóttir sem er

móðir Álfrúnar Perlu. Á myndinni má sjá húsin þrjú sem mynda fjölskyldureitinn. Gula húsið er hús Baldur og Felixar. Bláa húsið hús Álfrúnar Perlu og Árna Freys og síðan er Starhagi 1 hús Árelíu Eydísar. Vesturbæjarblaðið skrápp í morgunkaffi til Baldurs og Felixar á dögnum.

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Arna ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi



Úrvals þorramatur
að eigin vali



Melabúðin
Þín verslun



Sími 551-0224

Tilboð á lambalærum og hryggjum

úr kjöttborði - tilboð gildir 28.-31. janúar

Ný íslensk vörumerki í Melabúðinni:

- **BRIKK**: Súrdeigsbrauð, súrdeigspizzadeig, rúgbrauð, brauðsalöt ofl.
- **KETÓKOMPANÍÐ**: Hrökkbrauð, ís, músli, bollakökur, vöflur, beiglur, rúnstykki, brownies ofl.
- **ÖLVERK**: Litlihver léttbjór og sterkar sósar.



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

1. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósthúsum 107, 102 og 101.

Borgarþróun og þjónusta

Á undanförunum árum hefur borgarþróun í Reykjavík tekið umtalsverðum breytingum. Þær ná bæði til Vesturbæjarinnar og Miðborgarinnar en einnig annara borgarhluta.

Eldri borgarhverfi og svæði sem voru óbyggð og sum án umhirðu hafa verið tekin til endurnýjunar. Nýjar byggingar, atvinnustarfsemi og húsaskjól hefur litið dagsins ljós þar sem áður var um fátt að ræða. Má nefna sjávarsíðuna frá Sæbraut til Ánanausta, Hverfisgötuna, Skuggasvæðið og stóran hluta í Túnunum sem dæmi. Þau eru mörg fleiri.

Horfið hefur verið frá þeirri uppbyggingarstefnu að teygja borgina eins og eyjar og sepa um holt og hæðir. Byggingu laustengdra íbúðahverfa að miklu leyti án þjónustu.

Með þéttingu byggðar og aukinni áherslu á nýja samgöngumáta er verið að bregðast við vunnýtingu borgarlandsins. Verið er að bregðast við nýjum kröfum í loftslagsmálum. En síðast en ekki síst er verið að bregðast við sjónarmiðum yngra fólks. Fólks sem hefur á ferðum sínum um aðrar borgir og önnur lönd kynnst öðru skipulagi og öðrum lífsmáta en við höfum haft tilhneigingu til að tileinka okkur.

Eðlilegt er að skoðanir verði skiptar um svo miklar breytinga sem um er að ræða. Sumir vilja horfa til gamla tímans á meðan aðrir líta fram á veginn.

Íspjalli hér í blaðinu ræða þeir Baldur Þórhallsson prófessor og Felix Bergsson útvarpsmaður og leikari meðal annars um borgarþróunina. Segjast vilja sá hana þróast í þá átt að íbúðabyggð og þjónusta fari saman. Að fólk geti sótt sér lífsviðurværi í göngulengt frá heimilum sínum.

Taka má undir orð þeirra. Nauðsynlegt er að borgarþróun og þjónusta fari saman.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á
Facebook

Faxaflóahafnir

Markmið um brotthvarf olíustöðvarinnar óraunhæf



Olíustöðin í Örfirisey.

Stjórn Faxaflóahafna hefur ekki gert athugasemdir við að olíustöðin í Örfirisey verði lögð af fyrir lok gildistíma gildandi aðalskipulags en bendir á að sú tímalína kunnir að vera óraunhæf. Stefna Reykjavíkurborgar er að minnka umfang olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey um 50% á næstu fimm árum. Óvist er þó að hún gangi upp sé mið tekið af nýrri samþykkt stjórnar Faxaflóahafna.

Stefna borgarinnar á sér rætur

í að á fundi borgarráðs 7. maí 2019 þar sem samþykkt var til laga borgarstjóra þess efnis að herða á því markmiði að fækka bensínstöðvum í borginni um helming fyrir árið 2025 en ekki árið 2030 eins og segir í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum. Í tilöggu borgarstjóra frá þeim tíma kemur fram að það verði teknar upp viðræður um að umfang olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey minnki með tímanum og

markmiðið verði að umfang hennar verði helmingi minna en nú er, eigi síðar en árið 2025. Lóðaleigusamningur við Olíudreifingu er í gildi til ársins 2036 og gera Faxaflóahafnir ráð fyrir að hann verði framlengdur. Hins vegar kemur fram í samþykkt stjórnar Faxaflóahafna stuðningur við frumkvæði til að bregðast við þróun í loftslagsmálum og breytingar sem mögulega þarf að gera þar að lútandi.

Reykjavíkurborg mun annast heimahjúkrunina

Reykjavíkurborg og Sjúkraþryggingar Íslands hafa gert með sér nýjan samning um heimahjúkrun í Reykjavík til fjögurra ára. Árlegur kostnaður við samninginn nemur um tveimur milljörðum króna. Með samningnum tekur velferðarsvið Reykjavíkur að sér rekstur heimahjúkrunar í Reykjavík og á Seltjarnarnesi allan sólarhringinn, kvöld og helgar í Mosfellsbæ og næturþjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Nýi heildarsamningurinn um heimahjúkrun í Reykjavík byggir að meginstofni á fyrri samningi frá árinu 2016 sem felur í sér að Reykjavíkurborg annast rekstur heimahjúkrunar samhliða félagslegri heimaþjónustu sem myndar þannig eina heild gagnvart notendum þjónustunnar. Í samningnum er lögð áhersla á að efla getu heimahjúkrunar Reykjavíkur til að nýta velferðartækni í auknum mæli, samhliða því að fjölga vitjunum, auka sérhæfingu og veita þverfaglega heilbrigðisþjónustu í meira mæli til fólks í heimahúsum. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar sl.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri staðfestu samninginn með undirritun í



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirrita samning um heimahjúkrun undir jólaljósom fyrir liðin áramót.

ráðhúsi Reykjavíkur fyrir liðin áramót. Svandís kveðst sannfærð um að ávinningurinn af þessum samningnum verður mikill, jafnt fyrir notendurna sem þurfa á þjónustunni að halda og fyrir heilbrigðiskerfið sjálft, þar sem þetta eflir það og styrkir á öllum þjónustustigum. Hún bendir á að enginn sé eyland í þessum efnunum, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

kveðst fagna samningnum og segir hann framfaraskref. „Reykjavíkurborg er mjög stolt af þeirri heimahjúkrun og heimaþjónustu sem borgin sinnir. Okkar frábæra starfsfólk hefur ekki stigið feilspor við ótrúlegar aðstæður að undanförunum. Þessi nýi samningur er sérstakt fagnaðarefni því nú getum við eftir þjónustuna enn frekar,“ segir Dagur.



Netverslun: systrasamlagid.is

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



GUCCI

Við erum óhefðbundin en samhent fjölskylda

- segja Baldur Þórhallsson og Felix Bergsson sem hafa myndað einskonar fjölskyldubýggð við Starhaga


Róleg morgunstund við austanverðan Starhaga þegar Vesturbæjarblaðið bar að garði einn hálfkaldan janúarmorgun áður en dagurinn hafði náð að upphefja birtu sína. Inni fyrir á Starhaga 5 eða Túnsbergi eins og húsið heitir var þó að finna birtu og il. Jólaljósinn höfðu ekki verið slökkt – alla vega ekki að fullu og dóttir annars húsráðanda sem hefur stofnan eigin heimili og býr nú í næsta húsi gæddi sér á morgunverði á meðan afi barnsins gætti þess í fangi sínu. Þriggja mánaða gamallar stúlku. Á meðan rann bragðmikið kaffi í bolla handa komumanni.

Við Starhaga hefur myndast skemmtileg flóra óhefðbundinnar stórfjölskyldu í þremur húsum sem liggja hlið við hlið. Húsin mynda einnig skemmtilega heild. Í vestasta húsinu Túnsbergi sem bráðum verður aldar gamalt búa þeir Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnmálafræði og Felix Bergsson útvarpsmaður og leikari. Felix segir að fjórum árum liðnum verði Túnsbergi búið að vera í eigu sömu fjölskyldu í hálföld. Og áður hafði það verið í eigu annarrar fjölskyldu í um jafnlangan tíma. Foreldrar hans Bergur Felixson fyrrum forstöðumaður leikskóla Reykjavíkurborgar og kona hans Ingibjörg Guðmundsdóttir festu kaup á því þegar þau fluttu frá Blönduósi til Reykjavíkur. „Þegar þau vildu minnka við sig ákváðum við Baldur að kaupa húsið. Við höfðum áður búið í gömlu timburhúsi við Vesturgötuna og vorum orðnir vanir því umhverfi sem gömlu húsin veita,“ segir Felix. Baldur bætir við að nú verði þeir næstu 50 árin á Túnsbergi. „Þú sérð að við ætlum okkur að verða gamlir,“ segja þeir einum rómi.

Eydís Árelía, Álfrún Perla, Baldur og Felix

Þegar kaffi var tilbúið barst talið að húsunum þremur sem standa austast við sunnanverðan Starhaga. „Við vorum lengi einir hér á endanum. Síðan gerist það að lóðin við hliðina kom nánast upp í hendurnar á okkur. Þá kom í hugann hvort dóttir mín sem var búin að stofna heimili hefði áhuga á að reisa sér hús við hliðina á okkur og búa sér

heimili,“ segir Baldur. Þetta fór fljótlega af stað og ungu hjónin fór að hugsa fyrir húsi. „Okkur fannst að það þyrfti að vera stíll yfir þessu. Nýtt hús yrði að falla inn í götumyndina og við fengum arkitekt til þess að teikna húsið með því fororði. Álfrún Perla og Árni Freyr Magnússon eiginmaður hennar voru alveg inn á þessu og lögðu áherslu á að nýja húsið bæri svip af Túnsbergi. Í stað þess að fara hina hefðbundnu leið. Að fá iðnaðarmenn til þess að byggja létu þau smíða húseiningarnar í Eistlandi. Eftir að þær komu til landsins var hafist handa við að raða þeim saman. Nú eru þau flutt inn þótt enn séu mörg handtök eftir þar til öllu verður lokið. Á sama tíma var ákveðið hjá Reykjavíkurborg að koma húsi fyrir á lóðinni við Starhaga 1 – hornlóðinni við Suðurgötu. Ákveðið hafði verið að flytja eldra hús á lóðina, gera það upp, byggja við það og bjóða síðan til sölu. Starhagi 1 er nú í eigu Eydísar Árelíu Guðmundsdóttir lektors við Háskóla Íslands og móður Álfrúnar Perlu þar sem hún býr ásamt tveimur barna sinna Kristínu Sigrúnar og Óskars Davíðs.“ Þeir Baldur og Felix segja að þarna hafi orðið til einskonar fjölskyldugarður. Mikil samskipti séu á milli fjölskyldanna og nú eru þeir Baldur og Felix búnir að láta hanna stígg sem þeir kalla afastíg á milli allra þriggja húsanna. Þeir segja að þá geti ungvíði hlaupið á milli og þurfi ekki að hafa áhyggjur af umferð eða vetrarfarð þar sem hitalögn verður í stíggnum.



Stoltir afar á Starhaga.

Stórfjölskyldan borðar oft saman

Baldur og Felix segja stórkostlegt að hafa svona stóran

hluta af fjölskyldunni á sama stað. Þetta sé fjölskyldubær. Samskiptin verði mikið meiri og nánari. „Álfrún Perla og Árni Freyr hafa verið mikið hér á

meðan þau hafa verið að koma húsinu upp,“ segir Baldur. „Við eldum mikið hér heima og oft fyrir fleiri en okkur. Þetta er hálfgera atvinnueldhús.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Á þessari loftmynd sést fjölskyldureiturinn við Starhaga vel. Gulahúsið er hús Baldur og Felixar. Þá bláa húsið hús Álfrúnar Perlu og Árna Freys og síðan Starhagi 1 hús Árelíu Eydisar.

Stórfjölskyldan borðar oft saman. Við eldum oft fisk og reynum að vera í hollustunni. Erum hættir að borða rautt kjöt. Nei – ekki vegan,“ segir Felix. Hann bætir við að Guðmundur sonur sinn búi á Seljaveginum vestast í Vesturbænum ásamt konu sinni Þuríði Blæa Jóhannsdóttur leikara og syni. Þar hafi einnig myndast náið samfélag nokkurra aðila þótt þeir séu ekki bundnir samskonar fjölskylduböndum og á Starhaganum. „Það er komið einskonar listapörp. Búsvæði fólks sem er að sinna listaköpun. Þetta er svona listakúla,“ segir hann „og skemmtilegt samfélag.“

Feginn að komast aftur á svið

Baldur og Felix eru miklir ferðagarpar. Hafa farið víða í gegnum tíðina en að undanförunu hefur verið minna um ferðalög. „Þótt við séum flökkukindur í aðra röndina þá njótum við þess að vera heima. Það hefur komið sér vel að undanförunu þar sem ferðalög hafa að mestu legið niðri vegna Covid. Ég hef unnið mikið heima að undanförunu. Sinnt fjarkennslu að heiman og þetta hefur verið óvenjulegur tími að

því leyti,“ segir Baldur. Felix tekur undir en kveðst hafa verið feginn þegar hann fékk tækifæri til þess að stíga aftur á svið. Hann fer með hlutverk í Mömmu klíkk eftir Gunnar Helgason í Gaflaraleikhúsinu sem verið er að hefja sýningar að nýju.

Skiptum Land Cruisernum fyrir rafbíl

Baldur er ættaður frá bænum Ægissíðu í Holtum í Rangárvallasýslu. Hann segist bundinn sterkum böndum við heimasveitina. Faðir sinn búi þar og þeir Felix fari oft austur. „Við höldum að við þyrftum að vera á stórum jeppa til þess að fara yfir Hellisheiðina á vetrum. Við ókum á stórum Land Cruiser á nagladekkjum á vetrum. Svo fórum við að huga að því hvort ekki væri lagt óþarflega mikið í farartæki vegna þessara ferða. Við seldum Land Cruiserinn og fengum okkur rafbíl. Litla Teslan gefur jeppanum ekkert eftir þegar talað er um stöðugleika í hálfu á Hellisheiði. Við erum mjög ánægðir með þessi skipti að ég tali nú ekki um hvað þau eru umhverfisvæn,“ segir Felix.



Fjölskyldan heima í stofu á Starhaga 5. Frá vinstri: Álfrún Perla Baldursdóttir og Árni Freyr Magnússon maður hennar sem búa á Starhaga 3. Baldur Þórhallsson situr með dótturdóttur sína Eyðisi Ylfu. Felix Bergsson með afastrákinn Arnald Snæ og Guðmundur Felixson og kona hans Þuríður Blær Jóhannsdóttir sem búa á Seljavegi.

Háskólasvæðið er heill heimur

Þeir fara mikið í sveitina austur í Holtum en segjast einnig hafa hana við höndina heima á Starhaganum. „Við upplifum þetta svæði hér við Starhaga sem einskonar sveit í borginni. Það er dásamlegt að koma hingað og horfa yfir Skerjafjörðinn. Mér finnst nálægðin við fjörðinn og dýralífið hafa mikið aðdráttarafl fyrir mig sveitadrenginn. Og svo er það Vatnsmýrin með sína fjölbreyttu útivistarmöguleika. Við förum mikið þangað til þess að ganga um,“ segir Baldur og heldur síðan áfram að tala um Mýrina og Háskólasvæðið. „Háskólasvæðið er heill heimur. Mér er til efs að Vesturbæingar geri sér grein fyrir fjölbreytileika þess og möguleikum. Háskólasvæðið er fyrir alla. Bæði þá sem tengjast Háskólanum og einnig aðra. Ekki síst fólkið sem býr í nágrenninu. Bóksala stúdenta er ein flottasta bókabúð landsins. Þar er mikið úrval af bókum og misskilningur að halda að þar fái eingöngu námsbækur fyrir háskólanám. Flóran er fjölbreytileg og á að höfða til allra. Bóksala stúdenta er einnig hefðbundin ritfangaverslun. Í bóksölu er líka að finna lítið notalegt kaffihús þar sem gott er að tilla sér niður. Síðan get ég nefnt Hámu. Stóru veitingasöluna á Háskólastorginu.

Þar eru góðar veitingar á ákaflega hagstæðu verði. Háma er nú að opna eftir að hafa verið lokað um tíma vegna Kórónaveirunnar. Misskilnings hefur stundum orðið vart að Háma sé eingöngu ætluð nemendum og starfsfólki Háskólans. Því er víðs fari. Háma er fyrir alla. Og þá er það Stúdentakjallarinn. Frábær veitingastaður í kjallara Háskólatorgsins. Fleira mætti nefna og í heildina býr Háskólasvæðið yfir mörgum möguleikum sem almenningur getur nýtt sér og þá ekki síst þeir eru í göngufæri frá Háskólanum, segir Baldur.“

Íbúðabyggð og þjónusta farið saman

Baldur og Felix hafa ákveðnar skoðanir þegar kemur að borgarþróun. Þeir segja nauðsynlegt að vinna að breytingum á borgarumhverfinu. „Við viljum að borgarmenningin geti þróast í þá átt að fólk sem býr í sama hverfi geta sótt alla nauðsynlega þjónustu innan hverfisins. Íbúðabyggð og þjónusta fari saman. Þar eigum við meðal annars við að fólk geti sótt sér lífsviðurværi í göngulengt frá heimilum sínum. Þróunin hefur verið í öfuga átt. Matvöruverslanir hafa safnast saman í útjöðrum íbúðabyggða eða fyrir utan þær. Við söknum minni búðanna. Við sáum eftir KRON-búðinni

á Dunhaga þegar henni var lokað og ekkert kom í staðinn. Að undanförunu má sjá nokkur merki um nýja þróun. Einkum í Miðborginni. Og á öðrum stöðum hafa borgaryfirvöld verið að fjalla um þessi mál með ýmsu móti. Hverfisverslanir og þjónustukjarnar hleypa lífi í hverfin og spara mikinn akstur eftir lífsnaðsynjum,“ segja Baldur og Felix. Þeim verður nokkuð rætt um kjarnann sem hefur myndast við Hofsvallagötuna. Þar hefur Melabúðin staðið allar breytingar af sér sem hverfisverslun. Þar er auk hennar að finna Kaffi Vest, bakarí, hamborgarastað handan götunnar og svo hina sívinsælu Vesturbæjarlaug. Skammt undan er svo lítil verslunarmiðstöð á horni Hagamels og Kaplaskjólsvegar. „Allt í göngufæri frá stærstum hluta Vesturbæjarins sunnan Hringbrautar. „Við viljum sjá frekari breytingar í þessa átt. Fá þjónustuna meira inn í íbúðabyggðirnar.

Þirt hefur af degi þegar kaffidrykkju og spjalli var lokið. Baldur er að búa sig undir að halda út í Háskóla til kennslu. Álfrún Perla þarf að skjótast á vinnustað en annars er hún í barnsburðarleyfi. Felix tekur barnagæsluna að sé á meðan. Þessi óvenjulega fjölskylda er ótrúlega samhent.

Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki

OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga 11.30-18.00

Laugardaga 10.00-16.00

Sunnudaga Lokað

Opnunartímin hefur breyst tímabundið!

ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46

APÓTEK

S: 414 4646

Icelandair Group

Af Reykjavíkflugvelli í Hafnarfjörð



Stórt var hugsað innan Loftleiða á árinu 1964 þegar ákveðið var að reisa hótél í Reykjavík. Síðar var hótelið stækkað og sú viðbygging tekin í notkun árið 1971. Skrifstofubygging Flugleiða síðar Icelandair var síðan reist norðan hótelsins. Með flutningi skrifstofa félagsins til Hafnarfjarðar hverfur síðasti þáttur millilandaflugs frá Reykjavík.

Icelandair Group hefur skrifaði undir samning við fasteignafélagið Reiti um sölu á skrifstofuhúsnæði félagsins að Nauthólsvegi 50 við Reykjavíkflugvöll sem er hluti af húsamstæðu er myndaði Hótel Loftleiðir. Söluverðið er tæplega 2,3 milljarðar króna og verður nýtt til uppgreiðslu áhvílandi láns á fasteigninni sem og til styrkingar lausafjárstöðu. Icelandair mun leigja húsnæðið af Reitum til þriggja ára eða til loka árs 2023 og verður starfsemi félagsins í húsinu á því tímabili.

Í lok árs 2023 er áformað flytja starfsemi félagsins frá Reykjavíkflugvelli á Flugvelli í Hafnarfirði þar sem félagið er nú þegar með hluta starfseminnar. Áformað er að byggja við núverandi húsnæði á Flugvöllum svo að sameina megi starfsemi félagsins í Reykjavík og Hafnarfirði á einum stað, sem er í Hafnarfirði. Haft er eftir Boga Nils Bogasyni, forstjóra Icelandair í fréttatilkynningu að sameining starfsstöðva félagsins á höfuðborgarsvæðinu muni án efa stuðla að öflugra samstarfi milli deilda, meiri starfsánægju og auknum árangri. Þá sé ótvíræður kostur að færa höfuðstöðvar félagsins nær Keflavíkflugvelli.

ÚTFARASKREYTINGAR

Blómagallerí bíður uppá góða þjónustu og hjálp við tilhögun skreytinga sem snúa að útförum.

Við útbúum kistuskrýtingar, kransa, krossa, hjörtu, altarisvendi ásamt kertaskreytingum.

Hægt er að fá frekari upplýsingar hjá okkur í síma 552-6070

**Myndir eru á blómagalleri.is
– Facebook síðu Blómagallerís
og Instagram síðu**



Alvotech vill byggja meira í Vatnsmýrinni



Húsnæði Alvotech í Vísindagörðum Háskóla Íslands.

Alvotech vill byggja meira í Vatnsmýrinni. Það sést á því að í borgarkerfinu er nú til meðferðar umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu við háteknisetur Alvotech við Sæmundargötu. Um er að ræða byggingu upp á fjórar hæðir með kjallara, steinsteypa, einangraða og klædda glerklæðningu. Hið nýja hús verður samtals 13.286 fermetrar. PK arkitektar eru aðalhönnuðir.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur hefur haft málið til meðferðar og ekki aðrar skipulagslegar athugasemdir en því að breyta þurfi bílastæðum í götu. Núverandi bygging Alvotech á Sæmundargötu 15 til

19 í Vatnsmýrinni var reist árið 2016 og er tæplega 13 þúsund fermetrar að stærð. Brunabótamat samkvæmt fasteignaskrá er rúmir 4,2 milljarðar króna. Húsið er hluti af Vísindagörðum Háskóla Íslands.

Húsnæðisþörfin er komin til vegna vaxandi umsvifa og stefnir lyfjaþróunarfyrtækið Alvotech á að fjölga starfsmönnum í höfuðstöðvum félagsins í Vatnsmýri á næstu misserum. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 500 vísindamenn og sérfræðingar frá 45 þjóðlöndum, á Íslandi, í Þýskalandi, Sviss og í Bandaríkjunum.

Golfhermar í Örfirisey

Fasti eignarhaldsfélag ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík hefur sótt er um leyfi til að afmarka og innrétta rými fyrir golfherma í atvinnuhúsi sem stendur við Eyjarslóð 9 í Örfirisey.

Eigendur Fasta eru Rannveig Eir Einaradóttir og Hilmar Þór Kristinsson. Rannveig rekur Sandhótel á Laugavegi við hlið og yfir Verslun Guðsteins sem þau festu kaup á fyrir nokkru. Rannveig starfaði áður sem yfirflugfreyja hjá Icelandair og Hilmar var sjóðsstjóri hjá Kaupþingi á árum áður. Að undanförmu hafa þau einkum sinnt fjárfestingarstarfsemi og fyrirtækjarekstri.



Eyjarslóð 9 í Örfirisey.

FYRIR TAK
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA MÅNADUR LÁN AÐ 36 MÅNADUR

MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Hólavallaskóli

Aumasta skólahald allra tíma

- afurð Móðuharðinda, Suðurlandsskjálfta, siðaskipta, embættismannahroka, danskra yfirráða og drykkjuskapar

Hólavallaskóla var komið á fót á Hólavöllum ofan núverandi Suðurgötu í Vesturbæ Reykjavíkur eftir að skólahald í Skálholti var lagt niður. Sögu skólahalds má rekja til þess að hálfri öld eftir kristnitöku á Íslandi eða árið 1056 varð Skálholt biskupssetur. Var þá stofnaður þar skóli til þess að mennta presta til að sinna trúarlífi nýkristina landsmanna. Með konungsboði að loknum siðaskiptum 1550 var biskupsstólunum íslensku gert skylt að reka skóla til að mennta menn til að gegna prestsembættum og einnig gat skólavist verið undirbúningur undir framhaldsnám erlendis.

Saga skólahalds í Skálholti endaði sumarið 1784. Þá hrundu öll hús á staðnum nema dómkirkjan í suðurlandjarðskjálfta. Á sama tíma gengu móðuharðindin í lok Skaftárelda yfir og næstum allt búfé staðarins féll vegna gróðurbrests og fódurskorts. Skólinn var ekki endurreistur í Skálholti. Með konungsúrskurði 15. apríl 1785 var ákveðið að flytja biskupssetrið og skólann til Reykjavíkur. Allar eignir Skálholtsstóls skyldu seldar og andvirðið renna í konungssjóð. Eignirnar voru virtar á 62.500 ríkisdali. Átti sú upphæð að gefa af sér 2.500 ríkisdali árlega með 4% vöxtum sem átti að nægja til þess að standa straum af skólahaldi í Reykjavík, launagreiðslum til biskups og kennara skólans auk námsstyrks handa nemendum. Með þessum úrskurði voru eignir sem talist höfðu íslenskar færðar undir danakonung og urðu þar með danskar.

Fjárhæðir dugðu ekki til

Í upphafi var hugmynd um að reisa nýja skólann á Austurvelli en þegar til kom þótti völlumurinn of blautur til þess að reisa skólahús þar. Var þá ákveðið að að reisa skólahús á Melshúsalsóð en kennarabústaði á Hólakotslóð þar við hliðina sem er á svæðinu á milli Suðurgötu og Garðastrætis. 1600 ríkisdöllum var veitt til að koma upp skólahúsi úr timbri en það fé dugði hvergi til og var húsið því minnkað og breytt til að fella að fjárskortinum. Þrátt fyrir að mikið væri dregið saman í byggingafrákvæmdum varð húsið tvöfalt dýrara en áætlað hafði verið. Kennarabústaðurinn var ekki reistur vegna fjárskorts og þurftu kennarar að búa í kennslustofum í skólahúsinu af þeim sökum. Ekkert varð heldur af byggingu greiðasölastaðar þar sem skólaláttar áttu að geta komist í fæði. Kennsla hófst í Hólavallaskóla haustið 1786 tveimur árum eftir að skólahald lagðist af í Skálholti.


Framkvæmdafé á Álftanes

Bygging og rekstur Hólavallaskóla gekk ekki áfallalaust fyrir sig. Í yfirgrípsmikilli grein eftir Árna Óla blaðamann og rithöfund sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 1951 fór hann yfir sögu skólans. Í grein Árna kemur fram að ekkert af þeim húsum sem reisa átti hafi komist upp nema skólahúsið og þá mun minna í sniðum en upphaflega var áætlað. Þar segir að biskup og kennarar hafi ekki treyst sér til þess að koma sér upp bústöðum fyrir þann styrk sem þeim var ætlaður. Rektor fékk fyrst ábúð á nokkrum hluta Skildinganes og konrektor var fyrsta árið í Hlíðarhúsum sem stóðu þar sem Vesturgata 26 til 28 stendur nú.

Tveir danskir byggingamenn voru sendir hingað til þess að standa fyrir byggingafrákvæmdum. Múrmeistari og trésmiður. Aðalskólahúsið varð ekki nema rúmar 40 x 10 álnir en átti upphaflega að vera 60 x 30 álnir. Síðan var byggð álma austur frá suðurenda þess og niður í brekkuna, rúmlega 28 x 6 álnir að stærð. Þessi bygging var í heild sinni aldrei annað en hrákasmíð. En þrátt fyrir að skólahúsið hafi bæði verið illa byggt og miklu minni en upphaflega var ráð fyrir gert mun það hafa orðið um helmingi dýrara en ráðgert var og kostað alls 3.238 ríkisdali í stað 1.600. Levetzow stiftamtmaður á að hafa blygðaðist sín fyrir að segja hver kostnaðurinn hafði orðið. Sannleikurinn er þó sá að afskipti hans af byggingunni munu ekki hafa orðið til þess að draga úr kostnaðinum. Hann kallaði alla smíði er að því unnu oftar en einu sinni suður að Bessastöðum til þess að láta þá gera við stiftamtmanns íbúðina þar. Munu þeir alls hafa unnið þar vikum saman auk þess að ekki mun hafa verið farið frómlega með efnivið sem ætlaður var til byggingar skólans. Hluti framkvæmdafjárins virðist hafa runnið suður á Álftanes.

Þrjár piltar í hverju rúmi

Í norðurenda skólahússins varð rektor að láta gera íbúð fyrir sig



Hólavallaskóli var hrákasmíði og hélt hvorki vatni né vindum.

þegar sýnt var að hann gat ekki byggt yfir sig. Voru þar afþiljuð þrjú herbergi, eldhús og búr. Konrektor varð að leggja undir sig herbergi í álmunni þar sem voru geymslur og lítið herbergi fyrir bókasafn. Á loftinu var svefnskáli pílta. Hann var einn geimur 18 til 20 álnir lengd og átta álnir á breidd. Þar var enginn ofn og engin þægindi nema níu rúm sem ætluð voru 30 skólaláttum. Þrjár skyldu hvíla í hverju rúmi.

Vígður í viðurvist heldri manna

Smíði Hólavallaskóla var lokið sumarið 1786 sama ár og Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi sem áttu að efla hana til að gerast höfuðbær svo vitnað sé til orða Jóns Espólín. Var skólinn vígður haustið 1786 í viðurvist ýmissa heldri manna þess tíma. Þar á meðal voru Hans Christopher Diderich Victor von Levetzow stiftamtmaður, Hannes Finnsson biskup,

Ólafur Stefánsson amtmaður, Guðmundur Þorgrímsson dómkirkjuprestur og Jón Sveinsson landlæknir viðstaddir athöfnina.

Lifðu á skrinukosti

Þegar skólinn var fluttur frá Skálholti var ákveðið að kennarar fengu laun sín greidd ársfjórðungslega í peningum og þeir nemendur sem nytu skólastyrks skyldu einnig fá hanna greiddan í peningum en sjá sér sjálfir fyrir mat. Áður hafði skólastyrkur verið í formi fæðis. Ekkert varð af þessum áformum en fjórum árum síðar fékk kona að nafni frú Angel leyfi til veitingahalds. Það var ekki í neinu sambandi við skólann og kom skólaláttum ekki að neinu gagni. Þeir urðu því að lifa á skrinukosti eða koma sér sjálfir í fæði í einhverjum af kotunum í kring. Sagt er að sumir þeirra hafi komið sér í eitthvert fæði í Melhúsum. Séra Árni Helgason sagði seinna um dvölinna í Hólavallaskóla. „Fátækt þekkti

ég aðheiman en sultinum kynntist ég fyrst í skóla.“

Snjóaði inn og piltar stírdír af kulda


Guttormur Pálsson sem var nemandi og síðar kennari við skólann lýsti skólalífnum með þessum hætti „Á svefnlofti pílta snjóaði inn á gólf, þegar hríð var úti og hvassviðri, svo að piltar áttu fullt í fangi með að halda á sér hita í rúmunum. Veturinn 1791, þegar ég var þar í skóla gerði 18 stiga frost nokkra daga í desember og eftir fyrstu nóttina vorum við piltar svo stírdír af kulda er við áttum að fara á fætur um morguninn að við naumast gátum hreyft okkur. Næstu næturnar gripum við til þeirra ráða að leggjast undir efri undirsængina og stinga skónum okkar, sem voru votir eftir útiveru okkar undir höfðalagið til þess að geta komist í þá næsta morgun.“ Bjarni Þorsteinsson amtmaður, sem kom í skólann 1795 segir að nálega allir skólaláttar nema hinir hraustustu hafi orðið sjúkir af kláða og öðrum kvillum, sem stafaði af kulda og illu mataræði. Sveinn Pálsson getur þess að af 32 piltum sem voru í skólanum 1803 hafi 24 veikt af skrybjúg að vísu ekki allir á jafn háu stigi en þó svo að níu urðu að liggja rúmfastir vikum saman. Ekki var gert ráð fyrir því þegar skólinn var reistur að piltar gætu veikt eða þurft á hjúkrun að halda því þar var engin sjúkrastofa. Hefði þó verið full ástæða til þess. Þótt skólahúsið hefði verið vel byggt í stað þess hreysis sem það var hefði verið nauðsyn á sjúkrastofu til vonar og vara því ekkert sjúkraskýli var til í bænum Reykjavík.

Sífullur skólameistari

Skólameistari Hólavallaskóla var Gísli Þórðarson Thorlacius. Hann var sonur Þórðar Brynjólfssonar Thorlacius. Hafði stundað nám í Skálholtsskóla um tvo vetur en síðan farið til Kaupmannahafnar, lokið þar stúdentsprófi og tekið embættispróf í guðfræði 1768. Hann hafði þótt drykkjfelldur í skóla og er hann var kominn til Reykjavíkur á ný magnaðist drykkjuástríðan um allan helming. Kom hann stundum ekki til kennslu tímum saman. Þegar frá leið hætti hann alveg að mæta. Páll Jakobsson hafði verið konrektor og settur skólameistari í Skálholti var



Málverk Jóns Helgasonar biskups sýnir Hólakot og Hólavallamyllu um 1840.



Séð yfir Tjörnina frá Hólavöllum um 1900. Torfbærinn Hólabotn er í forgrunni. Á þessum tíma þótti Hólabotn hálfgeft hreysi nýtt af undirmálfólki þess tíma. Drykkjuskapur laddi við marga íbúa torfbæjanna. Um aldamótin 1900 var rætt um óeirðarmenn eins og Óla í Hólabotni, Jón sinnep og Stjána bláa sem sagðir voru konungar götunnar í krafti ölæðis og ofstopa.

áfram konrektor Hólavallaskóla. Hann var einnig drykkfelldur auk þess að vera kominn á efri ár. Að því kom að hann flutti burt úr bænum að Esjubergi en hélt þó starfi sínu að nafninu til. Skólastjórn og kennsla við Hólavallaskóla var að mestu í höndum settra kennara, fyrst Jakobs Árnasonar, systursonar Páls, sem síðar varð prestur í Gaulverjabæ og síðar Guttorms Pálssonar sem eftir það varð prestur í Vallanesi á Fljótsdalshéraði og tengdafaðir Einars Ásmundssonar í Nesi í Höfðahverfi. Einnig kenndu við skólann um lengri eða skemmri tíma þeir Brynjólfur Sigurðsson, Arnór Jónsson og Jóhann Árnason. Þegar

þeim Gísla og Páli var veitt lausn frá embætti 1804 hafði hvorugur þeirra sést í skólanum í nokkur ár.

Herranótt og saga leiklistar

Að einhverju leyti má rekja sögu íslenskrar leiklistar til Hólavallaskóla. Herranótt á rætur sínar þangað þar sem skólapiltar settu upp leikverkin Hrólfr 1796 og Narfa 1799 eftir Sigurð Pétursson, sem nefndur hefur verið faðir íslenskrar leikritunar. Telja menn að ein fyrirmynd Narfa hafi verið Jón nokkur Sori sem átti að hafa verið slúðurberi Jakobs Árnasonar sem

var settur skólameistari á þeirri tíð. Jón Sori var hýddur af skólafélögum sínum á tjarnarbakkanum fyrir söguburð og hrökklaðist eftir það úr skóla.

Skólinn fluttur til Bessastaða

Í Hólavallaskóla var kennd latína, gríska, Nýjatestamentisfræði og svolítið í sögu, landafræði og reikningi. Engin kennsla var í íslensku eða dönsku en piltunum þó sagt að þeir ættu að læra þetta. Bókakostur var svo lítil að stundum voru átta skólasveinar um eina bók. Verst mun ástandið hafa verið



Kona situr við Hólavallamyllu. Ljósmyndin er sögð tekin um 1860 og því með elstu íslensku ljósmyndum.

fyrstu árin þegar Gíslu og Páll áttu að heita að vera við kennslu en skánaði þegar settu kennararnir tóku við.

Af öllu þessu kennsluháttum og ekki síður aðbúnaði var skólinn illa þokkaður og margir voru tregir til að senda syni sína þangað. Þegar konungsboð kom haustið 1801 um að leggja skyldi skólann á biskupsetrinu Hólum í Hjaltadal niður varð Hólavallaskóli eini skóli landsins. Af því varð svo mikil óánægja að farið var að leita annarra úrræða. Á endanum varð úr að flytja skólann á Bessastaði sem var gert árið 1805. Veturinn 1804 til 1805 var enginn opinber skóli

á Íslandi. Margt fleira mætti taka fram um þá ótrúlegu starfshætti sem tíðkuðust í Hólavallaskóla og það skelfilega ástand sem ríkti í skólamálu á þessum tíma. Engu að síður er Hólavallaskóli forveri menntaskólahalds hér á landi sem var í raun aðeins fáum ætlað allt fram á sjöunda áratug liðinnar aldar. Alþingi hélt síðustu fundi sína 1799 og 1800 í húsi Hólavallaskóla áður en það var lagt niður tímabundið. Landsyfirráttur var um tíma í húsinu en hrökklaðist þaðan í febrúarmánuði 1807 vegna kulda og treks. Skólahúsið var rífið skömmu síðar.

Að hafa betri yfirsýn yfir fjármálin

en þurfa miklu minna að hafa fyrir því

—
ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA

HEIMAKÆRLEIKUR



Pitt eigið jóga?
Allt til alls. Heima og að heiman.
Dýnur, púðar, augnhvilur, strappar, kubbar.
Korkur og lífræn bómull.



Slakaðu og njóttu á Boðefnabar Systrasamlagsins!
Flest lífrænt. Margt glútenlaust. Ekkert bragðlaust.



Framúrskarandi gæði og töfrar!
Dekraðu við þig með Wild Grace lífrænum andlits- og líkamsólum,
kristalsvatni, andlitsserum og ilmum. Töfrar ayurvedafræðanna.



Afgreiðslutími:
 Mán: 11-16
 Þri-fös: 11-18
 Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
 systrasamlagid.is
 @systrasamlagid
 Sími: 511 6367

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188

Hlutu fyrstu verðlaun fyrir tillögu að leikskóla við Njálsgötu

Basalt arkitektar og Landslag hlutu fyrstu verðlaun fyrir tillögu um leikskóla og fjölskyldumiðstöð við Njálsgötu. Önnur til þriðju verðlaun fengu THG arkitektar og Landform og Andrúm arkitektar. Verðlaun fyrir innaup fengu YRKI arkitektar annars vegar og Huldajóns+ Sa Studio hinsvegar.

Undirbúningur að byggingu á nýjum Miðborgarleikskóla á Njálsgöturóló hófst árið 2018 þegar stýrihópurinn Brúum bilið var stofnaður. Hópnun var falið að finna leiðir til að brúa bil á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Eitt af áhersluatriðum var að fjölga leikskólaplássum í borginni. Gert er ráð fyrir að nýr Miðborgarleikskóli rísi árið 2022 og rúmi um 116 börn á aldrinum eins árs til sex ára. Einnig verður starfrækt fjölskyldumiðstöð í byggingunni.

Í umsögn segir að tillaga Basalt arkitekta og Landslag er einstaklega vel unnin og svari mjög vel áherslum í forsoðun og þörfum starfseminnar. Byggingarform sé fagað og látlaust með ávöllum hornum og umlukið málmöskva,



Hugmynd að hinum nýja leikskóla eins og hún kemur fram í verðlaunatillögunni.

sem skapi áhugavert spil skugga, sjónrænnar dýptar, lokunar og gagnsæis. Litaval sé lágstemmt en þó lífligt. Byggingin fer einstaklega vel í götumyndinni. Byggingin verður á þremur hæðum. Aðalinngangur verður úr garði, sem tengir á áhugaverðan

hátt lóð og leikskóla. Heimastofur verða meðfram norður- og suðurhlíðum og beinn aðgangur úr þeim út í garð. Inngangur starfsfólks og fjölskyldumiðstöðvar er við Austurbæjarbíó, en þjónustuinngangur er frá Grettisgötu.

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

VORÖNN HEFST 1. FEB

JAZZ | COMMERCIAL | LYRICAL | CONTEMPORARY | MUSICAL THEATRE

VESTURBÆR | KÓPAVOGUR | GARDABÆR
 HAFNARFJÖRÐUR | GRAFARHOLT

WWW.DANSSKOLIBB.IS
 BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

f dansskóli Birnu Björns
 i dansskolibb



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Aflagrandi samfélagshús

Í hjarta Vesturbæjar fyrir jafnt unga sem aldna

Hér á Aflagranda gengur allt sinn vanagang, félagsstarfið er að fara af stað eftir jólafrí. Við leitumst við að bjóða upp á fjölbreytt starf og þægilega samveru í hlýju umhverfi. Hér geta allir fundið eitthvað við hæfi og jafnvel farið út fyrir þægindarammann og prófað eitthvað alveg nýtt. Öflugt starf er í húsinu á opnunartíma frá 8:30 til 15:45 en einnig er starf í húsinu eftir lokun, og er þá unga fólkið meira með völdin.

Nýtt skemmtilegt starf í húsinu er t.d. Dungens and Dragon klúbbur sem er byrjaður að spila hjá okkur öll fimmtudagskvöld.

Nú er að fara af stað bæði dansleikfimi og hreyfipjálfun. Auður Harpa er mörgum kunn fyrir stuðtímana sína, hún verður annan hvern föstudag kl. 13:30 með dansleikfimi. Fyrsti tíminn er 29. janúar. Við fáum líka sjúkraþjálfara frá Hæfi sem verður með hreyfipjálfun annan hvern fimmtudag kl. 12:45 og er fyrsti tíminn 4. febrúar. Bæði dansinn og hreyfipjálfunin eru ykkur að kostnaðarlausu svo við hvetjum alla til að koma og taka þátt.

Opin vinnustofa alla morgna

Við erum með opna vinnustofu alla morgna þar sem fólk hittist með handavinnuna sína og ræðir heimsmálin yfir kaffibolla. Helga Gunnarsdóttir stýrir söngstund alla miðvikudaga og svo tekur hið sívinsæla bókasjall með Hrafni Jökulssyni við kl. 15:00. Komið og njótið.

Tanya frá Heilsuskólanum er með Zumba Gold námskeið alla föstudaga kl. 10:30. Nýtt námskeið var að byrja í síðustu viku og ekkert mál að bætast í hópinn. Tálgun, útskurður, myndlist, postulínsmálan og bókmenntaklúbbur eru dæmi um félagsstarf hér í húsinu og nóg pláss fyrir áhugasam

Hingað er hægt að koma og borða hádegismat milli 11:30-12:30, panta/afpanta verður matinn fyrir kl. 12:30 daginn áður og svo er síðdegiskaffi kl. 14:30 alla daga nema mið. og fös. Þá er kaffið til kl. 15:00. Nánari upplýsingar um hádegismatinn veitir Sigrún í síma 411-2707.

Kraftur í KR aftur að byrja

Í samstarfi við Íþróttafélagið KR bjóðum við upp á Kraft í KR og stefnum við á að fara af stað aftur alla mánudagsmorgna kl. 10:30 í byrjun febrúar. Tímarnir eru fyrir 60+ og er markmiðið að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu.

Íþróttfræðingur sér um tímana. Boðið er upp á frístundaakstur frá Þorraseli Vesturgötu kl. 10:10, Grandavegi 47, kl. 10:15 og Aflagranda 40, kl. 10:20 í KR heimilið og aftur til baka. Við hvetjum ykkur til að nýta ykkur frístundaaksturinn. Bæði hreyfingin og aksturinn er ykkur að kostnaðarlausu.

Alltaf til í nýjar hugmyndir

Í samfélagshúsinu okkar viljum

hafa viðburði fyrir Vesturbæinga svo sem flóamarkaði, spilakvöld, veislur, sýningar og allt það sem Vesturbæingar kalla eftir. Endilega ef þið hafið hugmyndir að starfi eða viðburði sem ykkur langar að sjá hér í samfélagshúsinu okkar nú eða skrá ykkur í félagsstarfið, hafið samband við Sírí verkefnastjóra eða Helgu umsjónarmann félagsstarfs á skrifstofunni, 411-2701 & 411-2702. Við erum alltaf meira en til í nýjar hugmyndir og áskoranir og

auðvitað að kynnast nýju fólki.

Við hvetjum alla til að finna facebooksíðuna okkar, Samfélagshúsið Aflagranda, því þar koma allar tilkynningar og sérstaklega núna á þessum tíma þar sem við gætum þurft að aflýsa áður auglýstum viðburðum. Jafnframt viljum við minna á að grímuskylda er í húsinu og gestir bera ábyrgð á að koma með eigin grímu og passa uppá sóttvarnir.

Sírí og Helga.



Aflagrandi 40.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi
s. 551 1266 | utfor@utfor.is
utfor.is


VIÐ ÞJÓNUM
ALLAN SÓLARHRINGINN



Esomeprazol Actavis


– dregur úr einkennum sýrubakflæðis

teva 028672



Til skammtímamefendur við einkennum bakflæðis (brjóstsvíða, nábiti hjá fullorðnum, 18 ára og eldri).
28 magasýrupulnar töflur

Esomeprazol Actavis 20 mg, 14 og 28 magasýrupulnar töflur. Hver tafla inniheldur 20 mg af virka efni esomeprazólí og tilheyrir flokki prótónpumpuþemla. Þeir verka með því að minnka framleiðslu síru í maga. Lyfið er ætlað sem skammtímamefendur hjá fullorðnum við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypa skal töfluna heila með sopa af vatni, með mat eða á fastandi maga. Ekki skal tyggja eða mylja töfluna. Kynnið ykkur notkunarléiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.



Dugleg að vera úti



Krakkarnir í Landakotsskóla eru dugleg að vera úti á milli kennslustunda. Þeim finnst jafnvel gaman að vera úti í rigningu. Frímínútonum er vel varið eins og sjá má á þessari mynd sem tekin var af yngsta stiginu ásamt kennara að morgni til á dögunum.

Bæklingur um hvað hverfin hafa að bjóða

Á dögunum var gefinn út bæklingur af Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborga og Hlíða þar sem tekið er saman það helsta sem hverfin hafa uppá að bjóða. Það er fyrst og fremst verið að taka saman efni fyrir leik- og grunnskóla, ýmislegt er varðar íþróttar og félagsstarf sem og aðra þjónustu sem tilheyrir starfsemi borgarinnar ásamt öðru gagnlegu fyrir íbúa hverfisins.

Til þess að skoða þessa bæklinga er hægt að fara inn á þessa slóð www.reykjavik.is/skrifstofaogsvið/vesturbær en einnig er hægt að nálgast útprentað eintak í Þjónustumiðstöðinni á Laugavegi 77.

Við viljum endilega fá ábendingar ef það er eitthvað sem má breyta eða bæta. Þetta á að vera „lifandi“ plagg sem hægt er að laga eftir því sem við á.

Vinsamlegast hafið þá samband við Hörð Heiðar á Þjónustumiðstöðinni í síma 411-1600 eða með því að senda honum tölvupóst á netfangið: hordurhg@reykjavik.is



Göngugötur hannaðar í sátt við nærumhverfi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur valið þrjá aðila til að taka þátt í mótun göngugötuhluta Laugavegar, Vegamótastígs og Skólavörðustígs með þarfir notenda og rekstraradila í fyrirrúmi. Í frétt frá borginni segir að um sé að ræða þverfagleg og skapandi teymi, það er fólk sem kemur úr ýmsum faghópum. Hönnunin mun fara fram í samvinnu við samræmingarhönnuð verkefnisins sem kallast 9 skref. Alls bárust fjórtán umsóknir en þrjár aðilar voru valdir úr þeim hópi.

Þau sem urðu fyrir valinu eru Baldur Helgi Snorrason arkitekt, Nils Wiberg gagnvirkni- og upp-

lifunarhönnuður og Jóhann Sindri Pétursson landslagsarkitekt.

Þá Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt, Elín Hansdóttir myndlistarmaður og Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður. Og að síðustu Karl Kvaran arkitekt og skipulagsfræðingur, Lilja Kristín Ólafsdóttir landslagsarkitekt og Sigurður Árni Sigurðsson myndlistarmaður.

Tilgangurinn með verkefninu 9 skrefum er að skipta niður svæðunum og framkvæmdum svo sem minnst rask hljótist af framkvæmdunum og skrefin séu unnin í sátt við nærumhverfið. Lögð verður áhersla á að staðarandi og leikgleði fái að njóta sín. Hugað verður



Hluti Laugavegar er á meðal þess þar sem nú liggur fyrir að hanna göngugötu.

sérstaklega að lausnum er varðaðgengi allra, gróðurvæðingu, útfærslu götugagna og lýsingu.

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

Renningur í fyrsta og öðrum bekk



Renningar sem börn í Vesturbæjarskóla hafa unnið.

Börn í fyrsta bekk Vesturbæjarskóla byrja að vinna með svokallaðan renning. Markmið með renningi er meðal annars að þjálfal talningu upp fyrir tug og hundruð, læra um sætisgildi, segja háar tölur upphátt, þjálfal talnaskrift og skilja endurtekingu og reglu í talningu og skráningu.

Þegar ákveðnum áföngum er náð fær barn þörf á ákveðnum lit sem það festir við renninginn og þannig sér barnið hann vaxa. Börnin halda áfram að bæta



Muhammed með renninginn sinn.

við renninginn sinn í 2. bekk og geta mest farið upp í töluna 9999 en það er ekki markmið í sjálfu sér.

Á litlu myndinni má sjá Muhammed sem er í 2. bekk með renninginn sinn sem er orðinn verulega stór og mikill enda kominn upp í töluna 9999. Muhammed hefur verið sérstaklega áhugasamur og segir að til þess að ná svona stórum renningi þurfi maður að vera duglegur að vinna í honum. Nú ætlar hann að finna sér annað skemmtilegt verkefni í stærðfræði.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson  SÍÐAN 1996

www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LÍÐA VEL

LUR.IS

Dönsk
gæði

Lama®

Danskt handverk
síðan 1939



RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Öll sæti
og bak
stillanlegt



Brunstad
hvíldarstóll

BRUNSTAD



ISABELLA hægingdasófi.
Sjá nánar á lur.is

Öll sæti
stillanleg



SITTING VISION
hvíldarstóllar



Stillanleg
rúm



Svefnsofar í miklu úrvali.

Margar
stærðir



BUGATTI®



ERMES hægingdasófi. Sjá nánar á lur.is

Öll sæti
stillanleg



GRACE hægingdastóll

Stillanlegur
höfuðpúði



ORACOL tungusófi

CALIA
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

CALIA
ITALIA

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opíð alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LUR
BETRI HVÍLD

Bræðraborgarstígur 1 og 3 seldir á 270 milljónir



Bræðraborgarstígur 1 áður en húsið brann til kaldra kola.

Þorpið hefur keypt brunarústirnar við Bræðraborgarstíg 1 og húsið við hliðina, Bræðraborgarstíg 3 af HD verki. Kaupverðið er 270 milljónir króna. Framundan er uppbygging á reitnum og er undirbúningur að henni hafin. Stefnt að því að verkefninu verði lokið innan tveggja og hálfis árs.

Ekki verður um hefðbundið húsnæði að ræða en hugmynd kaupenda er að búa til kjarnasamfélag sem er nýlunda hér á landi. Ætlunin er að byggja 26 íbúðir. Miðar hugmyndin að því að á þriðja tug kvenna á besta aldri geti flutt í jafn margar smábúðir í nýjum og uppgerðum húsum og deila þvottahúsi, vinnuástöðu, jógasal, risastórum bakgarði með heitum potti, saunu og gróðurhúsi – og jafnvel ökutæki. Verkefnastjóri Þorpsins er Runólfur Ágústsson fyrrum rektor Háskólans á Bifröst.

„Gamma húsið“ selt

Garðastræti 37 sem hýsti áður höfuðstöðvar fjármálafyrirtækisins Gamma um tíma hefur verið selt. Kaupandinn er Félag í eigu hjónanna Aðalsteins Karlssonar, fjárfestis og fyrrverandi eiganda heildverzlunarinnar A. Karlsson og Steinunnar Margrétar Tómasdóttir eiginkonu hans. Kaupverðið er 420 milljónir króna.

Húsið var reist árið 1939 og er 680 fermetrar með sextán herbergjum. Húsið var teiknað af Gunnlaugi Halldórssyni arkitekt. Húsið er eitt af fyrstu húsum héraendis sem er teiknað og byggt í svonefndum funkisstíl sem þá var að ryðja sér til rúms í byggingarlist og vakti verulega athygli á sinni tíð. Húsið var byggt á sínum tíma fyrir Magnús Víglundsson athafnamann. Magnús var þekktur kaupmaður og iðnrekandi í Reykjavík og hafði bæði heimili sitt og starfsstöð í húsinu um árabíl. Magnús seldi ríkinu húsið 1965 og eftir það fluttu ýmsar ríkisstofnanir þangað – einkum er tengdust síldveiðum, vinnslu og sölu síldarafurða. Sölustofnun lagmetis var þar til húsa og einnig höfuðstöðvar Tunnuverksmiðju ríkisins. Húsið var þó líklega þekktast fyrir starfsemi Síldarútvegsnefndar



Garðastræti 37 sem fékk viðurnefnið „Gamma húsið“ eftir að fjármálafyrirtækið hóf umsvif sín þar.

er starfaði þar um árabíl undir forystu Gunnars Flóvents og annaðist útflutning og sölu síldarafurða. Árið 2000 flutti auglýsingastofan Fítón ásamt fyrirtækinu Atómstöðinni í Garðastræti og voru þar um áratug. Það var svo árið 2011 að fjármálafyrirtækið Gamma fest kaup á húsinu og flutti starfsemi sína þangað. Gamma flaug hátt um árabíl en fataðist og er nú

dótturfélag Kvikubanka. Ekki liggur fyrir hvaða starfsemi mun koma í húsið en gengið var frá kaupunum í desember.



Netverslun: systrasamlagid.is

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Er jeppinn rafmagnslaus?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

VORÖNN HEFST 1. FEB

JAZZ | COMMERCIAL | LYRICAL | CONTEMPORARY | MUSICAL THEATRE

VESTURBÆR | KÖPAVOGUR | GARDABÆR
HAFNARFJÖRÐUR | GRAFARHOLT

WWW.DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

[f](https://www.facebook.com/dansskolibb) Dansskóli Birnu Björns
[i](https://www.instagram.com/dansskolibb) dansskolibb

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Brandon Nazione í KR

KR hefur náð samkomulagi við Brandon Nazione um að spila með liðinu út leiktíðina. Brandon er 26 ára gamall, 203 cm Bandaríkjamaður með ítalskt vegabréf sem spilaði síðast með Sporting frá Lissabon í portúgölsku úrvalsdeildinni í fyrra.

Brandon útskrifaðist frá Eastern Michigan háskólanum árið 2016 og þetta er því hans fimmta tímabil í atvinnumennsku. Hann byrjaði atvinnumannferil sinn hjá Bayern Leverkusen í Þýskalandi tímabilið 2016-2017 þar sem hann skoraði 15,4 stig og reif niður 8,3 fráköst að meðaltali í leik. Hann hélt svo til S-Ameríku tímabilið 2017-2018 og 2018-2019. Þar spilaði hann fyrra árið í argentínsku úrvalsdeildinni með liði Gymnasia þar sem hann skoraði 17,1 stig og tók 5,4 fráköst að meðaltali í leik. Seinna árið spilaði hann með Olimpia Montevideo í Urúgvæ



þar sem hann skilaði 15,3 stigum og 4,9 fráköstum í leik.

Brandon kemur til með að hjálpa liðinu í baráttunni undir

körfunni bæði varnarlega og sóknarlega. Við bjóðum Brandon hjartanlega velkominn í Vesturbæinn!

KR-A í forystu í 1. deild í borðtennis

A-lið KR og Víkingur eru efst og jöfn í 1. deild kvenna í borðtennis, Keldudeildinni. Liðin hafa bæði 6 stig eftir fjórar umferðir, og hafa sama hlutfall unninna og tapðra leikja. B-lið KR og BH eru í 3.-4. sæti með 2 stig.

Í Keldudeild karla er A-lið KR með 6 stig eins og A-lið Víkings, en A-lið BH er ósigrað með 8 stig í efsta sæti.



Erum byrjuð af krafti

- segir Birna Björns danskennari

Dansskóli Birnu Björns byrjaði nýja vorönn af krafti fyrsta janúar á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Boðið er upp á dansnám fyrir alla frá þriggja ára aldri. Það er ótrúlega gaman að skoða hvað við náðum að afreka á síðasta ári þrátt fyrir heimsfaraldur. Við tókum þátt í frábærum verkefnum og náðum að gleðja nemendur okkar með árlegu sumarhátíðinni okkar síðasta sumar þar sem meðal annars við höldum söngkeppni fyrir nemendur og dönsuðum saman úti í sólinni.

Í febrúar dansaði hópur úr skólanum með Gunna og Felix í Laugardalshöllinni á Söngvakeppni Sjónvarpsins og við stefnum á að dansa með stóran hóp á sviði í september 2021, í Háskólabíó þegar þeir félagar verða með risastóra fjölskyldutónleika. Við höfum einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum með Rigg og í maí dönsuðum við með þeim í eurovisionþættinum á RÚV. Nemendur hjá Dansskóla Birnu Björns taka einnig þátt í undankeppni Dance World Cup árlega og keppa síðan erlendis á sumrin þar sem þær hafa náð frábærum árangri og fengið að kynna dansheiminum í stærra samhengi sem er virkilega ánægjulegt fyrir okkur.

Við ætluðum að ferðast til Ítalíu síðasta sumar með fimm glæsileg atriði sem náðu góðum árangri í undankeppninni hérna heima, þeirri keppni var frestað og núna stefnum við til Spánar í sumar með frábæran keppnishóp.



Nemendasýningin verður Mary Poppins

Í dansskólanum er boðið uppá fjölbreytt dansnám en einnig er starfandi við skólann söngleikjadeild þar sem nemendur læra leiklist, söng og dans. Söngleikjadeildin er alltaf að stækka og hún spilar virkilega stóran þátt í nemendasýningu dansskólans ár hvert í Borgarleikhúsinu sem er hápunktur ársins. Nemendasýning 2021 verður Mary Poppins þar sem öllu verður til tjaldað. Einnig bjóðum við upp á barnadansa þar sem við erum með skapandi dans og tónlist í fyrirrúmi þar sem nemendur fá að leyfa ímyndunarfögnu að njóta sín. Árlega fer stór hópur skólans í æfingarferð til London þar sem þær fá að kynna nýjum dansstílum og hitta virta

danshöfunda erlendis. Það er alltaf hápunkturinn að fara á söngleiki og kynna listalífina í London. Ár hvert heldur dansskólinn einnig sína eigin danskeppni þar sem nemendur fá að spreya sig, læra að semja sjálfir, hanna búninga og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín. Það sem stendur upp úr í dansskólanum er vináttan sem myndast í tímum og stelpurnar eru að ná gríðarlega miklum árangri þar sem við bjóðum einnig upp á tæknitíma og fjölbreyttar útfærslur á því hversu oft nemendur vilja æfa í viku. Við mælum með náminu okkar fyrir þá sem vilja fjölbreytta tíma, kynna nýju fólki og sjá varanlegan árangur. Við tókum vel á móti nýjum og gömlum nemendum.

Birna Björnsdóttir & Guðný Ósk Karlsdóttir



BORGARBÓKASAFN
MENNINGARHÚS

DAGSKRÁ
Janúar - maí 2021

Nældu þér í eintak af
nýjasta dagskrárbæklingi
Borgarbókasafnsins



Þú finnur hann á þínu safni!


borgarbokasafn.is


[Borgarbókasafnið](#)


[@borgarbokasafn](#)



HAMBORGARA
Bullan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVAEMUR KOSTUR
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.